



**TÓNLIST**  
BAKKALÁRNÁM  
Hljóðfæraleikur/söngur  
Söng- og hljóðfærakennsla  
Skapandi tónlistarmiðlun  
Tónsmíðar

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS  
TÓNLISTARDEILD  
SÖLVHÓLSGÖTU 13 / 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 552 5020 / WWW.LHI.IS

HAUST 2014

 **LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

## TÓNLIST

### HLUTVERK TÓNLISTARDEILDAR ER AÐ MENNTA TÓNLISTAR-MENN FYRIR STÖRF Í TÓNLIST Á BREIÐUM GRUNDEVLLI. NÁMIÐ ER FRAMSÆKIÐ EN BYGGIR Á HEFÐ, SÖGU, ÞEKKINGU OG TÆKNI. MARKMIÐ DEILDAR-INNAR ER AÐ STUÐLA AÐ PROSKA OG EFLA NEMENDUR TIL SJÁLFASTÆÐIS MEÐ STERKA VITUND FYRIR SAMFÉLAGI OG SAMSTARFI.

Aðalfag hverrar brautar er um helmingur námsins og með kjarna fræðagreina er lagður grunnur að góðri almennri tónlistarþekkingu. Auk þess sækja nemendur námskeið sem stuðla að almennri starfsþróun á sviði tónlistar og býðst að sækja námskeið annarra deilda LHÍ. Nemendur ljúka námi með lokaverkefni sem felur í sér lokaritgerð og opinbera tónleika.

Deildin tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsnetum sem eykur fjölbreytni námsins. Í gegnum þau koma gestakennarar í heimsókn sem bjóða upp á fyrirlestra, einkatíma og/eða námskeið. Einnig gefst nemendum færi á að fara í skiptinám erlendis. Þátttaka í alþjóðastarfi styrkir stöðu nemenda fyrir nám og starf á alþjóðlegum vettvangi.

Í tónlistardeild er boðið upp á nám á fjórum brautum: Hljóðfæraleik og söng, söng- og hljóðfærakennslu, skapandi tónlistarmiðlun og tónsmíðum.

Nám við tónlistardeild er þriggja ára nám, 180 einingar, sem lýkur með BA/BMus-gráðu.

**HLJÓÐFÆRALEIKUR OG SÖNGUR** BMus-nám í *hljóðfæraleik* og *söng* leggur áherslu á flutning sígildrar- og samtíma-tónlistar og er kenndur klassískur söngur og á öll klassísk hljóðfæri. Aðalfagið samanstendur af einkatímum, meðleik og masterklössum. Lögð er rík áhersla á að fá gestakennara, innlenda sem erlenda, til þess að halda masterklassa.

Fjölbreytt samspil er stór hluti af náminu og er þátttaka nemenda í símfóníuhljóm-sveitum og öðrum stærri samspilshópum héraendis sem og erlendis metin til eininga. Nemendur koma fram á tónleikum nokkrum sinnum á önn með einleiks- og kammerverk og taka þátt í tónleikum tónsmíðabrautar LHÍ.

Boðið er námskeið í barokktónlist, nútíma-tónlist, sviðsframkomu, blaðalestri, spuna og framburðarkennslu fyrir söngvara sem og námskeið í grunnatriðum hljóðfæra- og söngkennslu. Markmið námsins er að mennta fjölhæfa tónlistarmenn með góða þekkingu, leikni og hæfni í sínu fagi.

Innan þessarar brautar er auk þess boðið *diplómanám*, tveggja ára nám til 80 eininga. Námið er ætlað hæfileikaríkum nemendum sem enn stunda almennt nám á framhaldsskólastigi, en standast kröfur skólans um kunnáttu og færni í tónlist. Nemendur ljúka náminu með diplómagráðu þar sem lokaverkefnið felur í sér opinbera tónleika.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.LHI.IS

Einnig er boðið upp á nám í *kirkjutónlist* í samvinnu við Tónskóla Þjóðkirkjunnar þar sem lögð er áhersla á orgelleik, kórstjórn, söng og kirkjutónlistarfræði.

### SÖNG- OG HLJÓÐFÆRAKENNSLA

BA-nám í *söng-* og *hljóðfærakennslu* er ætlað þeim sem vilja gera söng- eða hljóðfærakennslu að starfsvettvangi sínum. Námið er byggt upp í samvinnu við *skapandi tónlistarmiðlun* og er fyrsta námsárið að mestu sameiginlegt á báðum brautum. Að öðru leyti miðast námið við að nemandi fái góða þjálfun í söng eða hljóðfæraleik, jafnt á aðalhljóðfæri sem aukahljóðfæri þegar það á við.

Í náminu er einnig lögð áhersla á sértæka og almenna kennslufræði, ásamt skyldum námsgreinum sem miða að því að gera nemandann sem hæfastan til að takast á við söng- og/eða hljóðfærakennslu barna og unglinga í fjölbreyttu samfélagi.

Nemendur á söng- og hljóðfærakennara-braut ljúka námi með BA-gráðu án kennsluréttinda og telst námið ákjósanlegur undirbúningur meistaranáms í söng- og hljóðfærakennslu.

### SKAPANDI TÓNLISTARMIÐLUN

BA-nám í *skapandi tónlistarmiðlun* er hugsað með fjölbreytilegar þarfir samfélagsins í huga. Námið byggist á þjálfun í hljóðfæraleik og/eða söng, hvort sem er með hryntónlist eða sígilda- og samtímatónlist sem viðfangsefni. Einnig eru dæmi um að nemendur á brautinni hafi hlotið grunnþjálfun í tónsmíðum, hljómsveitar- eða kórstjórn. Námið hentar þeim sem hafa fjölbætta hæfileika,

áhuga og reynslu í miðlun og sköpun. Samleikur, samsöngur, tónsköpun í hóp og skapandi tónlistarsmiðjur sem byggja á samvinnu við ýmsar stofnanir er stór þáttur í náminu.

Lögð er áhersla á haldgóða, almenna tónlistarþekkingu með það að markmiði að gera nemandann sem hæfastan til að takast á við ýmiss konar tónlistariðkun og -miðlun. Sérstaklega er litið til þess að samfélagið er síbreytilegt. Það gerir æ meiri kröfur til tónlistarmanna um að stuðla að almennri tónlistariðkun og að nota tónlist sem leið að fjölbreytilegum markmiðum, jafnt listrænum sem félagslegum.

Starfsvettvangur þeirra sem útskrifast af þessari braut er fjölbreyttur. Einnig geta nemendur m.a. sótt um meistaranám í listkennslu og gerst tónmenntakennarar eða meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (NAIP) sem er samevrópskt, einstaklingsmiðað og samfélagstengt nám.

### TÓNSMÍÐAR

Í BA-námi í *tónsmíðum* geta nemendur stundað nám í almennum tónsmíðum eða nýmiðlum, þar sem lögð er áhersla á notkun raf- og tölvutækni við gerð tónlistar. Þá hafa nemendur möguleika á að blanda þessum tveimur þáttum saman en einnig er boðið upp á valnámskeið í kvikmyndatónlist, sviðslista-tónlist og upptökustjórn.

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur hljóti yfirgripsmikla þekkingu á aðferðafræði tónsköpunar og öðlist færni í að beita henni. Nemendur fá tækifæri til

þess að semja fyrir ýmsar samsetningar hefðbundinna hljóðfæra þ.á.m. fyrir einleikshljóðfæri, kammerhópa og hljómsveit auk kórs skólans. Nemendur læra að beita stafrænum miðlum til tónsköpunar og að blanda saman hefðbundnum og nýstárlegum tónlistarflutningi. Í nýmiðlum er m.a. lögð áhersla á grunnnám í hljóðhönnun, hljóðfræði og gagnvirkri tónlist ásamt samþættingu myndlistar/vídeo og tónlistar.

Tónsmíðanámið fer fram í einkatímum og hóptímum þar sem aðferðafræði tónsmíða

er umfjöllunarefnið auk masterklassa þar sem nemendur kynnst fjölbreyttri flóru starfandi tónskálda og fræðimanna.

Nemendur hafa möguleika á því að vinna að verkefnum í samvinnu við Kvikmyndaskóla Íslands, sviðslistadeild LHÍ, Símfóníuhljómsveit unga fólksins og ýmsa smærri kammerhópa eftir aðstæðum hverju sinni.

*Ítarlegar upplýsingar um inntökuberli, inntökupróf og viðtöl má finna á heimsíðu skólans, [www.lhi.is](http://www.lhi.is).*

